

Kæri Páll,

Eins og fram kemur í tölvupósti mínum hér fyrir neðan skoðaði ég viðkomandi evrópskar tilskipanir.

Af inngangsorðum í tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi (Stjtið. EB L-135, 31/5/1994, bls. 5-14) og tilskipun 2009/14/EB um breytingu á fyrri tilskipun, að því er varðar tryggingarstig og töl á greiðslu (Stjtið. ESB L-68, 13/3/2009, bls. 3-7), leiðir að allir innstæðueigendur skulu njóta verndar **sama innlánatryggingakerfis**:

„Í því tilviki að gjaldþrota lánastofnun er lokað skulu innstæðueigendur í hverju því útibúi, sem staðsett er í aðildarríki öðru en því sem lánastofnunin hefur aðalskrifstofu sína, njóta verndar sama tryggingakerfis og aðrir innstæðueigendur stofnunarinnar.“

„4) Sams konar trygging skal gilda um alla innstæðueigendur án tillits til þess hvort gjaldmiðill aðildarríkis er evrur eða ekki.“

Markmiðið með þessum tilskipunum er að bæta eðlilega virkni innri markaðarins. Meginreglan um jafna meðferð sem hefur verið lögfest í 12. gr. Rómarsáttmálans gegnir afar mikilvægu hlutverki að því er framkvæmd innri markaðarins varðar.

Mikilvægi meginreglunnar um jafna meðferð leiðir einnig af inngangsorðum tilskipunar 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana (Stjtið. EB L-125, 5/5/2001, bls. 15–23):

„12) Meginreglan um jafna meðferð lánardrottna að því er varðar möguleika þeirra á að grípa til aðgerða krefst þess að stjórnvöld og dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis samþykki þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að lánardrottinn í gistaðildarríkinu geti neytt réttinda sinna og gripið til aðgerða innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um.“

„16) Jöfn meðferð allra lánardrottna krefst þess að lánastofnun sé slitið í samræmi við meginreglunnar um einingu (principle of unity) og algildi (principle of universality), en þess er krafist samkvæmt þeim að stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld heimaaðildarríkis hafi einkalögsögu og að ákvarðanir þeirra séu virtar og geti haft þau áhrif sem þeim er ætlað að hafa samkvæmt lögum heimaaðildarríkis, án formsatriða nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.“

Þetta ætti að fara fram án mismununar gagnvart lánardrottnum með lögheimili í aðildarríki öðru en heimaaðildarríkinu, eftir því hvar þeir hafa búsetu eða hvers eðlis kröfur þeirra eru. Lánardrottnum skulu reglulega, og á viðeigandi hátt, gefnar upplýsingar á meðan á slitameðferð stendur.

Á þessum grundvelli skulu allir lánardrottinnar (innstæðueigendur) hljóta jafna meðferð. Jafnstöðuákvæðið í b-lið 3.1.2 í lánssamningnum við Holland sýnir þetta.

Kæri Páll,

Ástæða jafnstöðuákvæðisins í b-lið 3.1.2 í lánssamningnum við Holland er sú að ef Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta hefði yfirforgangsrétt mundi það leiða til ójafnrar meðferðar lánardrottna Landsbankans, sem er ekki í samræmi við meginregluna um jafna meðferð lánardrottna. Af þeim sökum er engin yfirforgangsréttur samkvæmt hollenskum lögum (eða samkvæmt enskum lögum, ég talaði við Andrew McClean). Áhrif yfirforgangsréttar yrðu þau að kostnaðurinn af innlánatryggingakerfinu mundi færast yfir á aðra lánardrottna gjaldþrota bankans. Ég get gert mér í hugarlund árekstrana við viðkomandi evrópskar tilskipanir eða að minnsta kosti við meginreglunnar sem liggja þeim til grundvallar. Ég ætla að rannsaka þetta nánar og hef svo aftur samband við þig.